

Reykjavík 2. Desember 2020

Minnisblað vegna viðspyrnustyrkja.

Eftirfarandi eru athugasemdir frá aðila sem þekkir af eigin raun hvaða áskorunum lítil fyrirtæki í ferðaþjónustus standa frammi fyrir og hvað getur hjálpað þeim að lifa af þangað til aftur fer að vora í greininni. Ég vona að þær hjálpi ykkur að móta stuðningsaðgerðir til að gera þær markvissar og tryggja að þær nýtist sem flestum.

Við undirbúning minnisblaðsins setti ég mig í samband við nokkra aðila í mínum geira, þ.e. lítil fyrirtæki með 1-3 starfsmenn + verkataka þegar meira er að gera. Þetta eru dæmigerð fyrirtæki leiðsögumanna með sérhæfingu, bændagisting, lítil veitingahús, hestaleigur, eyjasiglingar o.fl. ekki síst úti á landi. Mér sýnist að þessi heimild til að miða við stöðugildi 2019 muni hjálpa mikið til.

Ég hef líka kynnt mér athugasemdir SAF við frumvarpið og tek undir þær. Þar skiptir mestu máli að rýmka heimildina sem einyrkjum og litlu fyrirtækjunum er gefin, að geta miðað við stöðugildi 2019, þannig að hún nái líka til meðalstóru fyrirtækjanna.

Stóri gallinn við þetta frumvarp er þessi 90% regla. Þið eruð í raun að bjóða fólki/fyrirtækjum sem á engan pening og er flest búið að skafa að innan allan persónulegan sparnað og jafnvel taka lán til að halda fyrirtækinu sínu á lífi 90% hjálp. Dálítið eins og að bjarga einhverjum af hálendinu en skilja hann eftir í Þjórsárdal. Af hverju ekki 100% stuðningur? Skoðum aðeins dæmi:

Sérhæfður leiðsögumaður sem rekur eigið fyrirtæki, sér sjálfur um öll samskipti, bókanir, rukkanir, markaðssetningu o.s.frv. Hann getur núna ráðið sjálfan sig til að fara að undirbúa opnun viðskiptanna, senda póst á fyrrum viðskiptavini, uppfæra heimasíðuna, skipuleggja markaðsmálin o.fl. Ef hann er ekki með neinn annan kostnað þá getur hann fengið 500.000 kr. til að greiða sér laun en þá þurfa launin að vera 555.555 kr. alls með launatengdum gjöldum.

Maðurinn fær útborgaðar rúmar 340.000 kr en af þeim verður hann að taka 55.555 kr til að greiða 10% til að fá 90% stuðning. Hjá honum sitja því í rauninni ekki eftir nema tæpar 285.000 kr.

Annað dæmi gæti verið bændagisting með morgunverði þar sem voru 3 fastir starfsmenn, eigandinn + 2 starfsmenn í eldhúsi og að sjá um þrif á herbergjum.

Fastur kostnaður ca 150.000 kr á mánuði við að hafa lokað fyrir utan launakostnað, allt sparifé uppurið, öll lán fryst og ákveðið að nýta viðspyrnustyrk og ráða eigandann og einn starfsmann.

Eigandinn býður starfsmanninum 450.000 kr/mán = 522.000 kr með launatengdum gjöldum. Hann greiðir sjálfur sér sömu laun. Kostnaður er 1.194.000 kr. Hann fær 1.074.600 í viðspyrnustyrk og þarf að reiða fram úr eigin vasa 119.400 kr. Þær getur hann bara tekið af eigin útborguðum launum svo á endanum fær starfsmaðurinn hans ca 333.000 kr/mán útborgað en hann sjálfur 214.000 kr/mán.

Af hverju að biðja fólk sem hefur verið tekjulaust í tæpt ár og hefur haldið fyrirtækjunum sínum gangandi með eigin sparnaði og launalausri vinnu um að reiða fram 10% af kostnaði við að endurreisa þau? Þetta bara ónýtir úrræðið fyrir fjölda fólks sem spyr sig af hverju það er að þessu, mikið einfaldara að vera bara á bótum.

Með góðri kveðju og bestu þökkum fyrir vilja til að hlusta í björgunarstarfinu.

Dofri Hermannsson.